



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Starfsskýrsla 2002 til 2003

**STARFSSKÝRSLA
2002-2003**



EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	7
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Fræðslufundir	8
Stefnumótun LL	9
Samkomulag um samskiptamál	10
Fulltrúaráð LL	10
Könnun lífeyrissjóðalána	11
Skipting ellilífeyrisréttinda	11
Samningur um mat á orkutapi	11
Umsagnir	12
Erlent samstarf	13
Önnur verkefni	14
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	15
Samkomulagssjóðir	16
Ársreikningur 2002	17
Skýrsla og áritun stjórnenda	19
Áritun endurskoðenda	20
Rekstrarreikningur	21
Efnahagsreikningur	22
Yfirlit um sjóðstreymi	24
Skýringar	25



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Landssamtök Lífeyrissjóða eru ung samtök, voru stofnuð 18. desember 1998, og verða því fimm ára á þessu ári. Eins og kunnugt er, tóku nýju samtökin m.a. við ýmsum verkefnum, er fram til þess tíma voru ýmist unnin á vegum einstakra Lífeyrissjóða eða sinnt af Landsambandi Lífeyrissjóða og Sambandi almennra Lífeyrissjóða.

Í lögum samtakanna er hlutverk þeirra mjög skýrt afmarkað

í nokkrum liðum, en í einni grein þeirra stendur í raun allt um hlutverk og starfssemi LL, en greinin er stutt og svohljóðandi: „*Ad gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga*“ Öll starfsemin mótast af þessari einu grein og gildir þá einu hvort verið er að fylgjast með þróun Lífeyrismála erlendis, koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld, eða vinna að útgáfu- og fræðslumálum. Það þarf því enginn að efast um að Landssamtök Lífeyrissjóða og aðildarsjóðir þess eru einungis starfrækt vegna og fyrir sjóðfélaga aðildarsjóðanna.

Frá upphafi hefur stjórn LL að jafnaði komið saman einu sinni í mánuði, þar sem rædd hafa verið og afgreidd fjölmörg og viðamikil mál. Eitt af verkefnum fyrstu stjórnar LL var að vinna ítarlega stefnumótun. Í henni var farið yfir stöðu Lífeyrissjóðakerfisins og m.a. sagt: „*Óhætt er að fullyrða að íslenska Lífeyrissjóðakerfið sé nú á ákveðnum tímamótum. Við búum við traust kerfi með mikilli sjóðsöfnun, samtryggingu og með aðild nær allra starfandi manna. Ný lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi Lífeyrissjóða festa í sessi núverandi kerfi og treysta undirstöður þess*“. Þegar litið var til framtíðarinnar á þessum tíma kom eftirfarandi spá fram: „*Landsamtök Lífeyrissjóða sjá fyrir sér að á næstu 5 árum muni landsmenn búa við það Lífeyrissjóðakerfi sem nú hefur verið lögfest á Alþingi með sérstakri löggjöf um starfsemi Lífeyrissjóða. Líkur eru á því að á næstu 5 árum verði Lífeyrissjóðalögin endurskoðuð og að gerðar verði lítils háttar breytingar á löggjöfinni. Þó mun endurskoðunin leiða af sér að fjárfestingarheimildir Lífeyrissjóðanna verða auknar og meira frelsis mun gæta á því sviði en nú*“. Þessi stefnumótun á fyrsta starfsári lagði þannig mjög góðan ramma um það sem vænta mátti á næstu árum og hefur í raun verið verkefnarammi fyrir stjórn og framkvæmdastjóra.

Vegna þess hve vel tókst til með þessa fyrstu stefnumótun ákvað stjórnin á s.l. ári að leggja vinnu í nýja stefnumótun, þar sem yrði reynt að áætla stöðu Lífeyrissjóðkerfisins allt fram til ársins 2020. Af rakstur þessarar vinnu var kynntur á fulltrúaráðsfundi LL þann 5. desember s.l. Sérstaka athygli vakti greining stjórnarinnar á nú-

verandi stöðu og framtíðarsýn um lífeyriskyldu árið 2020, en þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- *Íslenska Lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni og sterkum og samheldum samtökum, þar sem lögð er áhersla á langtímaþróun kerfisins og traust á milli kynslóða.*
- *Landssamtök Lífeyrissjóða sjá fyrir sér að á næstu 20 árum fækki lífeyrissjóðum verulega með samruna, vegna aukinna krafna um áhættudreifingu og stærðarhagkvæmni.*
- *Íslenska Lífeyrissjóðakerfið mun áfram byggja á þremur meginþáttum: **skylduaðild** allra vinnandi manna að lífeyrissjóðum, fullri **sjóðsöfnun**, og **samtryggingu** sjóðfélaga vegna ævilanga eftirlauna, sem einnig veitir þeim og fjölskyldum þeirra tryggingu fyrir tekjumissi af völdum orkutaps og andláts.*

Eins og við fyrri stefnumótunina þá ætlar stjórn LL að nota þessar tillögur til að mynda verkefnaramma stjórnar og framkvæmdastjóra. Forvitnilegt verður á næstu árum að fylgjast með hversu vel þessi greining nær fram að ganga. Þórólfur Árnason, fyrrverandi stjórnarmaður í LL og núverandi borgarstóri Reykjavíkur, var okkur til ómetanlegs halds og trausts við þessa vinnu og kann ég honum bestu þakkir fyrir.

Árið 2002 var lífeyrissjóðunum á ýmsan hátt erfitt. Sem dæmi má nefna að Heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um 21% á árinu, sem kemur til viðbótar þeirri 18% lækkun, sem varð á árinu 2001. Þrátt fyrir góða hækkun á innlendum hlutabréfamarkaði, þar sem úrvalsvísitalan hækkaði um 17% frá fyrra ári, svo og ágætt gengi á innlendum skuldabréfamarkaði, þá hafði hin neikvæða þróun á erlendum hlutabréfamörkuðum það í för með sér að árið 2002 var þriðja árið í röð sem meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða var neikvæð. Einnig hefur áhrif í þessa átt að íslensku krónan styrktist um 13,5% á síðasta ári gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Þó svo að meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða hafi orðið neikvæð í fyrra, væntanlega um 3%, þá stöndumst við enn fyllilega samanburð við önnur lönd. Þannig voru breskir lífeyrissjóðirnir með um 17% neikvæða raunávöxtun. Japönsku lífeyrissjóðirnir sýndu um 10% neikvæða ávöxtun á síðasta ári og raunávöxtun lífeyrissjóða í Sviss var neikvæð í fyrra um 9%. Raunávöxtun bandarískra lífeyrissjóða var talin neikvæð í fyrra um 10% og þannig mætti lengi telja.

Þrátt fyrir að staða íslenskra lífeyrissjóðanna sé enn mjög traust, hafa nokkrir lífeyrissjóðir því miður þurft að grípa til lækkunar lífeyris. Kemur tvennt til. Í fyrsta lagi slök ávöxtun sjóðanna allt að þrjú ár í röð og í öðru lagi hafa nýjar töflur um dánarlíkur, sem sýna auknar lífslíkur sjóðfélaga, haft áhrif til hækkunar skuldbindinga sjóðanna að meðaltali um 2%. Ekki má heldur gleyma því að á umliðnum árum og þegar vel áraði á verðbrefamörkuðum bættu margir líf-

eyrissjóðir verulega lífeyrisréttindi sjóðfélaga sinna. Það má því segja að nú sé verið að taka til baka að hluta þá hækkun, sem þá varð.

Heildareignir lífeyrissjóðanna um síðustu áramót voru um 677 ma. kr., þar af námu erlendar eignir sjóðanna 104 ma. kr. eða 15,4%, sem er lækkun frá fyrra ári um 31 ma. kr. eða 23,1%. Heildareignir lífeyrissjóðanna jukust aðeins um 5% á síðasta ári samanborið við 13,9 % á árinu 2001 og 9,4% á árinu 2000. Þetta er minnsta ársaukning sem mælst hefur í meira en tvo áratugi. Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2002 svaraði til 86,5% af landsframleiðslu sem er nánast það sama og næstu þrjú árin þar á undan en áður hafði hlutfallið verið stöðugt vaxandi. Athygli vekur 18,1% aukning sjóðfélalagálána, sem er nokkuð minni aukning en tvö árin þar á undan, þegar aukning var 25% -28% á ári.

Samkvæmt gögnum Kjararannsóknarnefndar hefur á undanförunum mánuðum verið mikil og almenn fjölgun þeirra sem leggja í viðbótarlífeyrissparnað. Það kemur á óvart hve mikill sparnaðurinn er og hve jafn hann er eftir starfsstéttum. Einkum hefur mikil þátttaka verkafólks komið á óvart því hingað til hefur verið talið að þátttaka þess í viðbótarlífeyrissparnaði væri hverfandi og mun minni en annarra stétta. Bendir það eindregið til þess að þetta sparnaðarform henti flestum vel en ekki síður að sá mikli ávinningur sem í sparnaðinum felst sé loksins orðinn almenningi ljós.

Þá vil ég einnig benda lesendum á að nú svo komið að greiðslur lífeyrissjóðanna eru komnar fram úr lífeyrisbótum almannatrygginga og samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra hefur hlutfall þeirra sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar lækkað verulega frá árinu 1991. Þessi fækkun starfar fyrst og fremst af fjölgun þeirra sem fá greiðslur frá lífeyrissjóðum. Með lífeyrisbótum almannatrygginga er átt við ellilífeyri, örorkulífeyri, tekjutryggingu,

tekjutryggingarauka, örorkustyrk og barnalífeyri. Í hlutfalli af landsframleiðslu hafa lífeyrisútgjöld landsmanna vaxið úr 3,9% á árinu 1990 í 5,6% á árinu 2001. Hlutfur lífeyrissjóðanna í lífeyrisgreiðslum hefur aukist um 1,3% af landsframleiðslu frá árinu 1990 en hlutfur almannatrygginga í lífeyrisgreiðslum um hálf þúsund á sama tíma. Hlutfall þeirra sem hafa engar aðrar tekjur en greiðslur Tryggingastofnunar hefur lækkað verulega frá árinu 1991 eða úr 3,9% í 1,2%. Þessi þróun mun halda áfram á næstu árum og áratugum, því enn eiga lífeyrissjóðirnir eftir um 15 til 20 ár þar til þeir öðlast fulla greiðslugetu eins og tilgreint er í skuldbindingum þeirra.

Að vanda hefur starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða verið fjölbreytt á starfsárinu og hvet ég fundarmenn sérstaklega að lesa starfsskýrslu samtakanna, því þar er fjallað um helstu verkefni, þó svo að sú upptalning sé ekki tæmandi.

Að lokum vil ég færa þeim fjölmörgu einstaklingum sem unnið hafa með og fyrir Landssamtök lífeyrissjóða á undangengnu starfsári bestu þakkir fyrir samvinnuna. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra þakka ég fyrir góða samheldni og stuðning í mörgum erfiðum málaflökkum. Landssamtök lífeyrissjóða hafa slitið barnsskónum. Vona ég að samtökin megi eflast um ókomin ár, en beri jafnan gæfu til þess að verða umræðuvettvangur og framkvæmdaraðili bæði stórra og smárra ákvarðana sem allar stefna að einu háleitu markmiði – að auka og bæta hag þeirra fjölmörgu einstaklinga sem við skerta starfsorku, eða að lokinni langri starfsævi, fá greiðslur frá íslensku lífeyrissjóðunum. Gangi það eftir eru Landssamtök lífeyrissjóða sannarlega að framfylgja helstu grein laga sinna; **„Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga“**.

Þórir Hermannsson



Skógafoss



AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 7. maí 2002. Arnar Sigurmundsson stjórnaði fundi en fundarritari var Viktor Guðmundsson.

Geir H. Haarde fjármálaráðherra flutti ræðu, þar sem hann fjallaði um lífeyrissjóði á breyttum tímum. Í upphafi ræðu sinnar minntist hann á skýrslu um þróun lífeyrismála í kjölfar gildistöku laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hann lagði fram á Alþingi fyrir áramót. Eitt af markmiðum laganna var að bjóða almenningi kost á að mynda hluta af lágmarkstryggingavernd sinni í séreign. Niðurstaða skýrslunnar leiði í ljós að lífeyrissjóðirnir hafi almennt ekki farið þá leið að bjóða slíka samsetningu lágmarkstryggingaverndar og því hafi þessu markmiði laganna ekki verið náð með þeim hætti sem að var stefnt. Samt hafi hlutur séreignarsparnaðar vaxið mun hraðar en lífeyrisréttindi í samtryggingu án þess að það hafi áhrif á framlag til öflunar lífeyrisréttinda í samtryggingarsjóðum. Þróunin sýni að launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar eigi nú almennt raunhæfan möguleika á því að byggja lífeyrissparnað sinn upp með samþættingu samtryggingar og séreignar, þrátt fyrir að það hafi gerst með nokkuð öðrum hætti en gert var ráð fyrir við setningu lífeyrslaganna. Ráðherra sagði frá þeirri rýmkun á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóðanna sem fólst í fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða sem þeim ber að setja. Hann taldi afar mikilvægt að lífeyrissjóðirnir hugi vel að þessum þætti starfsemi sinnar, því þessu frelsi fylgi mikil ábyrgð. Ráðherra minntist einnig á samstarf RSK og lífeyrissjóðanna í innheimtu iðgjalda og þakkaði Landssamtökum lífeyrissjóða og einstökum lífeyrissjóðum fyrir gott samstarf í þeim málum. Í máli ráðherra komu einnig fram nýlegar breytingar sem gerðar hafa verið í skattamálum vegna skattalegrar ívilunar á greiðslu iðgjalda. Hann taldi að skoða ætti vel þær ábendingar um að í núverandi reglum skattalaga fælist mismunur á aðstöðu þeirra sem taka laun samkvæmt kjarasamningum og þeirra sem byggja kjör sín á einstaklings- eða vinnustaðasamningum. Ráðherra taldi mikilvægt, ef að breyta eigi þessum reglum, að gæta þess að ekki verði raskað forsendum kjarasamninga og hagsmunum ríkisins, og að ávinningurinn fyrir lífeyrissjóðina væri að þeir hefðu betra svigrúm til að koma til móts við skjólstæðinga sína. Í Evrópurétti sé lífeyrismálum almennt skipt í þrjár stoðir. Sú fyrsta tilheyrir almannatryggingarkerfinu, önnur stoðin hýsi starfstengda lífeyrissjóði en undir þriðju stoðina félli séreignarsparnaður. Fyrirhugaðar séu breytingar á regluverki fyrir lífeyrissjóði innan ESB og taldi ráðherra upp helstu atriði sem væru í umræðunni en því væri ekki fljótsvarað hvaða áhrif þessar breytingar muni hafa á innlent lagaumhverfi, ef þær yrðu samþykktar. Þó væri ljóst að nauðsynlegt sé fyrir Íslendinga að skoða vel kosti og galla þessara breytinga og hvernig best væri að koma þessum málum fyrir miðað við íslenskar aðstæður. Að lokum

þakkaði ráðherra aðstandendum lífeyrissjóðanna ágætt samstarf við fjármálaráðuneytið á undanförmum árum.

Þórir Hermannsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, flutti skýrslu stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári. Fram kom í máli hans að árið 2001 hafi verið lífeyrissjóðum erfitt bæði á erlendum og innlendum verðbréfamörkuðum, enda árið 2001 verið annað árið í röð sem meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða var neikvæð. Þrátt fyrir það hafi íslenskir lífeyrissjóðir staðist fyllilega samanburð við önnur lönd. Eðlilegt væri hins vegar að líta á raunávöxtun sjóðanna yfir lengra tímabil en eitt ár en meðalávöxtun íslenskra lífeyrissjóða síðustu fimm ára væri almennt mjög ásættanleg. Staða íslenskra lífeyrissjóða væri því mjög traust. Þórir gat þess að á umliðnum árum hafi okkur Íslendingum tekist að byggja upp gott velferðarkerfi og að hluti af því væru lífeyrissjóðirnir, en uppbygging þeirra hér á landi væri í fremstu röð meðal vestrænna þjóða. Þórir fjallaði nokkuð um starfsendurhæfingu, sem hann taldi mjög mikilvægan þátt í velferðarkerfinu og brýn nauðsyn væri að gefa öllum sem misst hafa starfsorku sína vegna sjúkdóma eða slysa kost á skilvirkum endurhæfingarúrræðum. Skilvirk endurhæfing lækki kostnað og fjáruútlát ríkissjóðs og lífeyrissjóða, þegar til lengri tíma er litið, en mest væri þó um vert að með því að aðstoða einstaklinginn við að takast á við launuð störf á vinnumarkaði ykist sjálfsvirðing hans og lífshamingja. Þórir taldi því fyllilega tímabært að lífeyrissjóðirnir hugi mun ákveðnar að þessum málum og beiti samtakamætti sínum svo efla megi þennan þátt velferðarkerfisins. Þórir taldi að starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða hefði verið þróttmikil og fjölbreytt á starfsárinu. Færði hann að lokum þeim fjölmörgu einstaklingum sem unnið hafa með og fyrir Landssamtök lífeyrissjóða bestu þakkir fyrir samvinnuna. Samstarfsfólki sínu í stjórn og framkvæmdastjóra þakkaði hann fyrir góða samheldni og stuðning í mörgum erfiðum málaflokkum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2001 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn og voru engar breytingar gerðar frá fyrri skipan. Tillaga stjórnar um endurskoðunarfélag samtakanna, þóknun til aðal- og varamanna og um lækkan árgjalds til LL var samþykkt samhljóða.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2002, var greint frá skipan fulltrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.

STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Þórir Hermannsson, *formaður*
 Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
 Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, *ritari*
 Arnar Sigurmundsson
 Árni Guðmundsson
 Friðbert Traustason
 Margeir Daníelsson og
 Víglundur Þorsteinsson.

Vararstjórnin er þannig skipuð: Eiríkur Benjamínsson, Eysteinn Haraldsson, Gunnar Baldvinsson, Jóhannes Siggeirsson, Kári Arnór Kárason, Magnús L. Sveinsson, Pétur Sigurðsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 12 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktu samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Stjórn og framkvæmdastjóri LL.

Talið frá vinstri neðri röð: Hrafn Magnússon, Friðbert Traustason, Árni Guðmundsson, Þórir Hermannsson og Haukur Hafsteinsson. Efri röð frá vinstri: Margeir Daníelsson, Arnar Sigurmundsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Á myndina vantar Víglundur Þorsteinsson.

Ljós.: Jóhannes Long



FRÆÐSLUFUNDIR



Úr Vaðlavík

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Hlutverk samtakanna er:

- a) Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- b) Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.
- c) Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- d) Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- e) Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- f) Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- g) Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

Að vanda voru haldnir nokkrir fræðslu- og samráðsfundir á kjör- tímabili stjórnar samtakanna.

Landssamtök lífeyrissjóða boðuðu til fundar 17. september s.l. á Grand Hótel Reykjavík, þar sem fjallað var um tvö áhugaverð efni:

„*Rýnt í ársreikninga lífeyrissjóðanna.*“ Torfi Sigtryggsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestmannaeyja, fjallaði um ýmsar niðurstöður úr ársreikningum sjóðanna vegna ársins 2001, en Torfi hafði unnið áhugaverða samantekt úr skýrslunni m.a. um raun- ávöxtun sjóðanna með hliðsjón af samsetningu eignasafna.

„*Eignastýring og fjárfestingastefna lífeyrissjóða, með áherslu á gengisstýringu.*“ Marínó Örn Tryggvason, viðskiptafræðingur, fjallaði um helstu niðurstöður lokaritgerðar sinnar til B.S. prófs í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, en í ritgerðinni er leitað svara við þeirri spurningu, hvort lífeyrissjóðir eigi að tryggja gengisáhættu. Fjallað var um helstu rök sem hægt er að færa með og móti ákvörðun um tryggingu gengisáhættu.

Þá boðuðu Landssamtök lífeyrissjóða til kynningarfundar þann 10. október s.l. á Grand Hótel Reykjavík. Fundarefni var „*Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna.*“ Á fundinum voru lagðar fram tillögur LL um framkvæmd skiptingarinnar. Frummælendur voru þeir Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur, og Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL.

Þann 16. október s.l. efndu LL til samráðsfundar á Hótel Sögu, Reykjavík, þar sem fundarefnið var „*Innheimtuadgerðir lífeyrissjóðanna vegna vangreiddra iðgjalda sjóðfélaga vegna ársins 2001*“ en ríkisskattstjóri hafði þá nýlega sent lífeyrissjóðunum lista yfir vanskilaiðgjöld, sbr. 6. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig var greint frá störfum starfshóps sem ríkisskattstjóri skipaði í lok nóvember 1999 og hafði m.a. það hlutverk að gera tillögu til embættisins um heildarskipulag eftirlitsins. Framsögumenn voru þeir Ásgeir Heimir Guðmundsson og Grétar T. Kristinsson hjá embætti ríkisskattstjóra og Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.

Þá boðuðu LL til fundar með stjórnnum og helstu starfsmönnum lífeyrissjóða 26. mars s.l. á Grand Hótel, Reykjavík. Fundarefni var „*Aðkoma lífeyrissjóða að stjórnun og rekstri fyrirtækja.*“ Framsögumenn voru þeir Loftur Ólafsson, lektor Viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands og Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Umræðuefni var m.a. hvort lífeyrissjóðirnir eigi að hafa afskipti af þeim fyrirtækjum, sem þeir fjárfesta í eða hvort lífeyrissjóðirnir eigi eingöngu að vera hlutlausir fjárfestar sem láta sér nægja að selja í fyrirtækinu, ef þeim líkar ekki rekstur þess og hvort aðrir hluthafar hafi óeðlileg mikil áhrif á hluthafafundum, ef lífeyrissjóðirnir væru ekki virkir fjárfestar.

STEFNUMÓTUN LL

Í nóvember og desember á síðasta ári vann stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða stefnumótun fyrir samtökin en þrjú ár voru þá liðin frá því að síðast var unnið að stefnumótun fyrir LL. Eitt af viðfangsefnum stjórnar LL var að fjalla um núverandi stöðu lífeyrissjóðanna og gera sér grein fyrir framtíðarsýn lífeyriskerfisins árið 2020.

NÚVERANDI STAÐA OG FRAMTÍÐARSÝN UM LÍFEYRISKERFIÐ ÁRIÐ 2020.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni og sterkum og samheldnum samtökum, þar sem lögð er áhersla á langtímavöxt kerfisins og traust á milli kynslóða. Rammalöggjöfin um lífeyrissjóðina, þar sem m.a. er kveðið á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og eftirlit með starfsemi sjóðanna, er einn af hornsteinum lífeyriskerfisins.

Landssamtök lífeyrissjóða sjá fyrir sér að á næstu 20 árum fækki lífeyrissjóðunum verulega með samruna, vegna aukinna krafna um áhættudreifingu og stærðarhagkvæmni.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið mun áfram byggja á þremur meginþáttum; **skylduaðild** allra starfandi manna að lífeyrissjóðum, fullri **sjóðsöfnun**, og **samtryggingu** sjóðfélaga vegna ævilangra eftirlauna, sem einnig veitir þeim og fjölskyldum þeirra tryggingu fyrir tekjumissi af völdum orkutaps og andláts.

Réttindaávinnsla lífeyrissjóðanna er í dag mismunandi af ýmsum ástæðum og munu sjóðirnir móta á næstu árum lífeyrisréttindi sín með hliðsjón af stöðu sinni og þörfum sjóðfélaga.

Árið 2020 verður almannatryggingakerfið áfram við lýði sem fyrsta stoð lífeyriskerfis landsmanna, en vægi þess í greiðslu eftirlauna minnkar þó verulega.

Með auknum lífslíkum þjóðarinnar þarf að huga að hærri lífeyrisiðgjöldum. Líkur eru á því að eftir 15 til 20 ár verði lífeyrisiðgjöld þannig samsett að þau auki möguleika sjóðfélaga á sveigjanlegum starfslokum. Hugsanlegt er að örorkulífeyrir verði sjálfstæð tryggingareining, sem rekin verði í einhvers konar samvinnu lífeyrissjóða og ríkisvalds.

Líkur eru á því að á næstu árum færast lán vegna íbúðakaupa í auknum mæli til fjármálafyrirtækja, en sjóðfélagalán frá lífeyrissjóðunum tíðkist áfram. Þá mun upplýsingagjöf lífeyrissjóðanna aukast verulega og tengslin við sjóðfélaga eflast að sama skapi. Þetta mun skapa nýja og jákvæða ímynd fyrir sjóðina, einkum hjá sjóðfélögum sem njóta eftirlauna.

Lífeyrissjóðakerfið heldur áfram að þroskast og eflast og lífeyrisgreiðslur verða komnar yfir 50% af meðaltekjum. Ný tækni einfaldar m.a. afgreiðslu lífeyris.

Um helmingur eigna lífeyrissjóðanna verður í ávöxtun erlendis. Við mat á eignum lífeyrissjóðanna heldur sú þróun áfram að meta skuli öll verðbréf á markaðsverði í ársreikningum sjóðanna.

Stjórnir lífeyrissjóðanna verða ýmist skipaðar með virkri þátttöku í fulltrúalýðræði eins og nú er eða með beinu vali sjóðfélaga. Með aukinni hlutabréfaeign þurfa lífeyrissjóðirnir að gæta hagsmuna sinna í auknum mæli í þeim hlutafélögum, sem þeir eiga hluti í og þeir verða virkari en nú er á aðalfundum hlutafélaga.

Fjölmíðlar og aðrir aðilar sem fjalla um lífeyrismál á opinberum vettvangi munu betur gera sér grein fyrir mikilvægi lífeyriskerfisins fyrir atvinnulífið og þjóðfélagið í heild og umræða um lífeyrismál verður sjálfsagður þáttur í umfjöllun um almenn lífsgæði þjóðfélagsþegnanna.



Hólar í Hjaltadal



SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL

Úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka Lífeyrissjóða, sem starfar samkvæmt 10. gr. samkomulags um samskipti Lífeyrissjóða, hefur fjallað um það í hvaða tilvikum beita eigi ákvæði sem er í samþykktum margra sjóða og fjallar um takmörkun á framreikningi og þá í þeim tilvikum sem rekja má orkutap svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá 16 ára aldri fram til þess tíma, sem orkutapið telst hafa orðið. Þó svo álitsgjöf varðandi þetta mál falli utan verksviðs nefndarinnar, var talið eigi að síður rétt að fjalla um málið þar sem æskilegt hljóti að teljast að Lífeyrissjóðir með sambærilegt ákvæði í samþykktum sínum úrskurði á grundvelli þess með sem líkustum hætti. Þá taldi nefndin að eins og orðalag ákvæðisins bæri með sér hafi Lífeyrissjóðurinn ekkert val um hvort beita ætti framreiknaðri stigatakmörkun við þær aðstæður að rekja mætti sjúkdóma þá sem orkutapi sjóðfélagsins valda svo langt aftur í tímann að næmi a.m.k. helmingi þess tíma sem liðinn er frá 16 ára aldri til orkutaps. Þannig sé auðsýnt að þau lækisfræðilegu gögn sem fyrir liggja við úrskurðinn hafi úrslitaáhrif um það hvort ákvæðinu sé beitt. Því taldi nefndin að mismunandi niðurstaða tilvitnaðra Lífeyrissjóða um beitingu ákvæðisins liggja að líkindum í mismunandi heilsufarsupplýsingum fyrirliggjandi lækisfræðilegra gagna um viðkomandi einstakling. Að lokum taldi nefndin þýðingarmikið að Lífeyrissjóðirnir sem í hlut eiga í einstökum tilvikum deili með sér fyrirliggjandi upplýsingum um heilsufar örorku umsækjenda, þannig að samræmi í úrskurðum Lífeyrissjóðanna verði sem mest.

Þá fjallaði nefndin um erindi Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem óskað var eftir því að nefndin gæfi umsögn um það hvort iðgjöld í B-deild LSR, sem ekki á aðild að samkomulaginu, geti orðið grundvöllur framreiknaðra stiga hjá Lífeyrissjóðum, sem aðild eiga að samkomulagi um samskipti Lífeyrissjóða frá júní 1999. Nefndin taldi að ákvæði 54. gr. samþykpta LSR þar sem A-deildinni bæri að taka tillit til iðgjalda, sem greidd hafa verið til B-deildarinnar, gætu ekki leitt til þess að öðrum samskiptasjóðum beri að gera það jafnframt. Þar sé um að ræða ákvæði um samspil réttinda í deildum innan LSR, sem geti ekki haft verkanir út fyrir það, nema um það hefði verið samið sérstaklega. Samkomulag um samskipti Lífeyrissjóða byggja á gagnkvæmni milli þeirra Lífeyrissjóða, sem að samkomulaginu standa. Samskiptalífeyrissjóðir taka á sig gagnkvæmar skyldur með samkomulaginu, en þær skyldur hafi B-deild LSR ekki undirgengist. Með vísan til þessa var það álit nefndarinnar að samkomulagssjóðum bæri ekki að taka tillit til iðgjalda, sem greidd hafa verið til B-deildar LSR, þegar metið sé hvort um framreikningsrétt sé að ræða hjá sjóðnum.



Litadýrð á Arnarhóli

FULLTRÚARÁÐ LL

Hver Lífeyrissjóður innan Landssamtaka Lífeyrissjóða tilnefni tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg mál Lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi Lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 5. desember á síðasta ári. Þórólfur Árnason, fyrrverandi forstjóri Tals h.f. og núverandi borgarstjóri, fjallaði um stefnumótunarvinnu stjórnar Landssamtaka Lífeyrissjóða og kynnti m.a. núverandi stöðu og framtíðarsýn stjórnar LL um lífeyriskerfið árið 2020 og Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, kynnti skýrslu starfsþóps forsætisráðherra um sveigjanleg starfslok, m.a. athyglisverðar tillögur nefndarinnar um lengingu starfsævinnar, um hlutatöku og tímabundna töku eftirlauna og hvaða breytingar væri nauðsynlegt að gera á lögum um lífeyrissjóði, ef tillögurnar næðu fram að ganga.

KÖNNUN LÍFEYRISSJÓÐA-LÁNA

Í nóvember á síðasta ári var á vegum LL gerð könnun um lán lífeyrissjóðanna til sjóðfélaga. M.a. var spurst fyrir um hámark lánsfjárhæðar, lántökuskilyrði, lánstíma, vexti, veðsetningarmörk og lántökugjöld. Sambærileg könnun var gerð í desember 2001 og voru niðurstöður svipaðar.

Helstu niðurstöður voru þær að algengasta hámarkslán var um 4 m.kr. Gerð var krafa að sjóðfélaginn hefði greitt til viðkomandi sjóðs í a.m.k. 6 mánuði fyrir lántöku og lánstíminn var yfirleitt á bilinu 5 ár til 30 ár. Vextir voru almennt breytilegir og tengdir ávöxtunarkröfu húsbrefta með álagi. Veðsetningarmörk voru almennt 60% til 65% af fasteignamati eða 55% til 60% af markaðsverði. Algengast var að taka 1% lántökugjald.

SKIPTING ELLILÍFEYRIS-RÉTTINDA

Fram til þessa hafa frekar fáir sjóðfélagar notfært sér ákvæði lífeyrissjóðalaganna um gagnkvæma skiptingu ellilífeyrisréttinda hjóna. Þrátt fyrir að færri hafi notfært sér að skipta ellilífeyrisréttindum en almennt var búist við þegar lögin voru sett, taldi LL þó nauðsynlegt að samræmi gæti hjá sjóðunum varðandi framkvæmd laganna, sérstaklega til að tryggja að allir hlutaðeigandi lífeyrissjóðir taki þátt í skiptingunni og að hún sé gagnkvæm og jöfn. Þá var ekki síður talið nauðsynlegt að túlkun ýmissa vafaatriða sé samræmd. Því var ákveðið að Landssamtök lífeyrissjóða tækju að sér að sjá um framkvæmd skiptingarinnar og að tilkynna hlutaðeigandi lífeyrissjóðum um það samkomulag sem viðkomandi hjón eða sambúðaraðilar hafa gert. Með samræmdri framkvæmd skiptingar ellilífeyrisréttindanna er hægt að tryggja að skiptingin verði gagnkvæm hjá báðum aðilum og að allir hlutaðeigandi sjóðir taki þátt í skiptingunni.



Snæfjallaströnd

SAMNINGUR UM MAT Á ORKUTAPI

Tryggingastofnun ríkisins hefur ákveðið að hætta að meta orkutap fyrir lífeyrissjóðina. Er þetta gert vegna fyrirsjáanlegrar manneklu hjá læknaeild TR, svo og vegna áherslubreytinga almannatrygginga við mat á orkutapi.

Til að bregðast við þessum breyttu forsendum undirrituðu Landsamtök lífeyrissjóða, þann 28. mars s.l., rammasamkomulag við hóp lækna um mat á orkutapi fyrir lífeyrissjóðina.

Gert er ráð fyrir því að hið nýja samkomulag taki gildi strax gagnvart öllum frummötum, en LL hafa mælt til þess að læknaeild TR taki að sér fram að næstu áramótum að endurmeta orkutap þeirra sjóðfélaga sem nú njóta örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðunum.

Það er von Landssamtaka lífeyrissjóða að hið nýja fyrirkomulag á örorkumötum gangi vel og snurðulaust fyrir sig, enda til mikilla hagsbóta að samræmd örorkumöt gildi fyrir sjóðina.



UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið nokkurra umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða:

VINNUHÓPUR UM ÁHRIF VEGNA BREYTINGA Á ALDURSSAMSETNINGU ÞJÓÐARINNAR.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin komi á fót vinnuhópi sérfræðinga sem kanni áhrif fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar eftir árið 2010 á eftirlauna og lífeyrismál og á heilbrigðiskerfið. Landssamtök lífeyrissjóða tóku jákvætt undir þessa þingsályktunartillögu og lögðu til að hún yrði samþykkt.

FRUMVARP TIL LAGA UM LÍFEYRISSJÓÐ SJÓMANNA.

Frumvarpið var lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og miðaði að því að bæta stöðu sjóðsins, þannig að hann standi undir skuldbindingum sínum í samræmi við tryggingafræðilega útreikninga. Landssamtaka lífeyrissjóða lýstu ánægju sinni með frumvarpið og lögðu til að það yrði samþykkt óbreytt.

FRUMVARP TIL LAGA UM LÍFEYRISSJÓÐ BÆNDA.

Frumvarpið var lagt fram að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs bænda og miðaði að því að fella niður skylduáðild þeirra maka bænda að sjóðnum sem ekki starfa að búrekstri, svo og að fella niður þá reglu að iðgjöldum hjóna eða sambýlisfólks verði að skipta til helminga á milli þeirra, en í þess stað verði iðgjöld í réttu hlutfalli við reiknað endurgjald eða greidd laun hlutaðeigandi. Landssamtök lífeyrissjóða lögðu til að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

UM GREIÐSLU EFTIRLITSGJALDS TIL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS.

Um var að ræða umsögn vegna álagningar eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2003, en lagt var til m.a. að eftirlitsgjald lífeyrissjóða til FME hækki úr 33,7 m.kr. í 41,8 m. kr. eða um 23%.

Landssamtök lífeyrissjóða vöktu sérstaklega athygli nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd á álitni samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem fylgdi frumvarpinu, en í álitinu telur samráðsnefndin miður að Fjármálaeftirlitið hafi ekki talið ástæðu til að taka tillit til ábendinga nefndarinnar varðandi einstaka rekstrarliði áætlunarinnar nema að því leyti að lækka smávægis póstkostnað stofnunarinnar. Landssamtök lífeyrissjóða tóku undir öll sjónarmið samráðsnefndar eftirlitskyldra

aðila og töldu það umhugsunarefni fyrir stjórnvöld að Fjármálaeftirlitið skuli ár eftir ár láta hjá líðast að taka tillit til málefnanlegrar gagnrýni eftirlitsskyldra aðila á rekstraráætlun stofnunarinnar.

FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGAR Á 54. GR. LAGA NR. 129/1997 UM SKYLDUTRYGGINGU LÍFEYRISRÉTTINDA OG STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐA.

Frumvarpið fjallaði um breytingar á viðmiðum vegna töku lífeyris sem heimilar að nota önnur viðmið en launavísitölur opinberra starfsmanna, gagnvart þeim sjóðum sem starfa á grundvelli svokallaðrar eftirmannsreglu. Landssamtök lífeyrissjóða gerðu engar efnislegar athugasemdir við frumvarpið og lögðu til að það yrði samþykkt óbreytt.

FRUMVARP TIL LAGA UM RÝMRI HEIMILDIR LÍFEYRISSJÓÐA TIL FJÁRFESTINGA.

Um var að ræða viðauka við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem hafði í för með sér rýmri heimildir til fjárfestinga í tilteknum innlendum óskráðum verðbréfum fyrirtækja og í stofnfjárbréfum sparissjóða., samkvæmt nánari skilgreiningum í frumvarpinu.

Landssamtök lífeyrissjóða gerðu engar efnislegar athugasemdir við ákvæði frumvarpsins og lögðu til að það yrði samþykkt óbreytt.

UMRÆÐUSKJAL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NR. 13/2002 UM HEIMILD LÍFEYRISSJÓÐA TIL FJÁRFESTINGA Í INNLÁNUM HJÁ SAMA AÐILA.

Álitamálið fjallaði um það, hvort fjárfesting í innlánnum falli undir ákvæði 5. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þ.e. hvort innlán í bönkum og sparissjóðum teljist vera verðbréf.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu að ekki gætu allar tegundir innlána fallið undir þá skilgreiningu að teljast innlán og var sérstaklega bent á innlánsreikninga banka og sparissjóða, sem eru í boði hjá ýmsum séreignardeildum lífeyrissjóðanna. Um væri að ræða bundna séreign til langs tíma, sem engan veginn gæti fallist undir skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins á hugtakinu verðbréf, sbr. 5.mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997. Ef litið sé á að 5. mgr. 36. gr. laganna eigi við um innlánsreikninga, verði ógjörningur fyrir lífeyrissjóði að bjóða upp á slíka valkosti, því varla væri ætlast til þess að innlánnum vegna viðbótarlífeyrissparnaðar væri dreift á tíu banka- stofnanir.

Í þessu sambandi bæri sérstaklega að leiðrétta í lögum það ranglæti sem lífeyrissjóðir búa við sem vörsluáðilar lífeyrissparnaðar,



Á Þingvöllum

en samkvæmt 36. gr. laga nr. 129/1997, séu settar ýmsar skorður á fjárfestingar sjóðanna vegna m.a. viðbótarlífeyrissparnaðar, sem aðrir vörsluaðilar, s.s. bankar og verðbréfafyrirtæki væru undanþegin. Út frá almennu jafnræðissjónarmiði þá væri slík mismunun bæði óréttlát og ósanngjörn og stæðist engan veginn samkeppnislög.

UMRÆÐUSKJAL FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS NR. 14/2002 UM MAT EIGNA LÍFEYRISSJÓÐA Í TRYGGINGAFRÆÐILEGRI ATHUGUN.

Í umræðuskjalinu var því lýst yfir að hlutdeildarskríteini skuli ekki endurmetin, þar sem þau flokkist sem verðbréf með breytilegum tekjum. Margir lífeyrissjóðir, sérstaklega þó þeir minni, hafa valið að fjárfesta hluta af eignum sínum í verðbréfasjóðum og væri þetta gert til hagræðingar, svo og til að eignastýring yrði markvissari. Óeðlilegt væri að t.a.m. húsbréf, sem væru annað hvort í sérstökum verðbréfasjóðum, og hins vegar húsbréf, sem væru í eigin söfnum lífeyrissjóða, væru mismunandi metin og gæti þannig haft misvísandi áhrif á tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóðanna. Slík mismunun gæti líka haft óheppileg áhrif á fjárfestingar sjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu að það gæti orkað tvímælis að það væri hlutverk Fjármálaeftirlitsins að gefa út leiðbeinandi tilmæli um túlkun á reglugerðum, sem stjórnvöld hefðu gefið út. Miklu frekar bæri Fjármálaeftirlitinu að beita sér fyrir breytingu á umræddum reglugerðum, í þessu tilviki reglugerð nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og þá þannig að enginn vafi léki á því að lífeyrissjóðum væri heimilt að endurmeta hlutdeildarskríteini í verðbréfasjóðum, sem fjárfesta í innlendum skulda-
bréfum.

ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „*European Federation for Retirement Provision*“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfseminni felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að ýmissi upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða.

Það sem efst er á baugi hjá EFRP um þessar mundir er að fylgjast með og hafa áhrif á setningu tilskipunar um starfsemi lífeyrissjóða innan Evrópusambandsins, en framkvæmdastjórn ESB hefur nýlega kynnt tillögur sínar um tilskipun fyrir stofnanir sem annast starfstengdan lífeyrissparnað. Í meðförum þings ESB voru lagðar til fjölmargar breytingar við tillögur framkvæmdastjórnarinnar. Þessar tillögur voru sendar ráðinu 4. júlí 2001. Ráðið tók nokkuð af tillögum þingsins til greina og samþykkti sameiginlega afstöðu 5. nóvember 2002. Þingið hefur nú samþykkt texta ráðsins með minniháttar breytingum. Svo virðist sem sátt sé um þessar breytingar á milli framkvæmdastjórnarinnar, þingsins og ráðsins og því líklegt að tilskipunin verði samþykkt innan nokkurra mánaða. Tilskipuninni gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð EB 1408/71 og er því undanþegin tilskipuninni. Móttaka viðbótariðgjalda og iðgjalda til séreignarsparnaðar mun hins vegar falla undir tilskipunina. Þar sem löggin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 taka til flestra þeirra þátta sem væntanleg tilskipun fjallar um, er ekki að vænta mikilla breytinga á íslensku löggjöfinni til aðlögunar að tilskipuninni.



ÖNNUR VERKEFNI

- Til að tryggja samræmi í reikningsskilum lífeyrissjóða lagði Fjármálaeftirlitið til á síðasta ári að verðbólgu-reikningsskil yrðu aflögð hjá lífeyrissjóðunum frá og með reikningsárinu 2002. Á árinu 2001 var lögum um ársreikninga, nr 144/1994, breytt í þá veru að ákvæði laganna varðandi verðbólgu-reikningsskil voru afnumin. Í bráðabirgðaákvæðum laganna er þó heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003. Um gerð ársreikninga lífeyrissjóða gilda hins vegar sérstakar reglur sem Fjármálaeftirlitið hefur sett með heimild í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Fjármálaeftirlitið breytti síðan reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, þannig að verðbólgu-reikningsskil hjá sjóðunum voru aflögð frá og með reikningsárinu 2002, m.a. til að tryggja samræmi í reikningsskilum sjóðanna. Var þetta m.a. gert samkvæmt tilmælum Landssamtaka lífeyrissjóða.
- Landssamtök lífeyrissjóða hafa gert samning við Streng hf. um hönnun og útfærslu á vefþjónustu til móttöku skilagreina frá launakerfum. Samningur þessi tekur til gerðar skjölunar og kynningar fyrir hugbúnaðarframléiðendur og útfærslu á vefþjónustunni fyrir tvö rekstrarumhverfi. Framleiðendur launakerfa munu sækja upplýsingar rafrænt inn á heimasíðu Landssamtaka lífeyrissjóða um vefþjónustur innheimtuaðila og síðan tengjast þeim hverri af annarri til að koma upplýsingum áfram um lífeyrisiðgjöld, sjúkrasjóðsgreiðslur, stéttarfélagsgjöld o.fl. Kerfið verður útfært sem vefþjónusta sem móttækur og skilar gögnum á XML sniði. Annars vegar verður um að ræða vefþjónustu skrifaða í Java sem keyrt getur á Windows og Linux og hins vegar samhæfða vefþjónustu sem keyrir í .NET umhverfi. Þróun á kerfinu er langt komið og má búast má við fyrstu tengingum launakerfisframléiðenda nú í sumar og haust. Hugbúnaðurinn verður í eigu Landssamtaka lífeyrissjóða og verður lífeyrissjóðum innan samtakanna heimil afnot af honum.
- Skýrsla starfshóps, sem hafði því hlutverki að gegna að gera tillögur til embættis ríkisskattstjóra um heildarskipulag eftirlits með greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða, kom út í vetur. Fulltrúar LL í nefndinni voru þeir Hrafn Magnússon og Sigurbjörn Sigurbjörnsson. Síðla árs 1997 voru sett lög, nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og tóku lögin gildi 1. júlí 1998. Á grundvelli laganna kom út í júlí 1998 reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Í 6. gr. laganna er kveðið á um eftirlit ríkisskattstjóra, en þar segir að ríkisskattstjóri skuli hafa með höndum eftirlit með því að lífeyrisiðgjald sé greitt vegna hvers manns sem skyldutrygging lífeyrisréttinda nær til. Starfshópurinn telur að þrennt beri að leggja mikla áherslu á að verði ætíð í góðu lagi varðandi eftirlit ríkisskattstjóra með greiðslu lífeyrisiðgjalda: Í fyrsta lagi að upplýsingar um vanskil iðgjaldsþega, sem lífeyrissjóðirnir fá frá ríkisskattstjóra og upplýsingar sem ríkisskattstjóri fær frá lífeyrissjóðunum, séu fullnægjandi og áreiðanlegar. Í öðru lagi að upplýsingarnar berist lífeyrissjóðum innan tiltekins tímafrests svo að innheimtan dragist ekki á langinn og í þriðja lagi að fylgst sé með að festa sé í innheimtu allra lífeyrissjóðanna.
- Í maí í fyrra var haldinn stofnfundur Greiðslustofu lífeyrissjóða. Stofnaðilar eru 14 lífeyrissjóðir auk Landssamtaka lífeyrissjóða. Greiðslustofan hefur umsjón með útborgun lífeyris til rúmlega 20 þúsund bótaþega. Tildrög að stofnun Greiðslustofu lífeyrissjóða má rekja til þess að í í byrjun síðasta árs fór Strengur h.f. þess á leit við LL að samtökin hefðu forgöngu um að kannaðir yrðu möguleika á því að stofnað verði sérstakt félag eða á annan hátt fundið fyrirkomulag um greiðslumiðlun lífeyrisgreiðslna o.fl., sem fram til þessa hafði verið á forræði lífeyrisdeildar Reiknistofu lífeyrissjóða. Ástæðan fyrir þessari beiðni var sú að í ársbyrjun síðasta árs sameinuðust Strengur h.f. og Reiknistofa lífeyrissjóða, en óeðlilegt þótti að lífeyrisdeildin flyttist til Strengs h.f., sem væri fyrst og fremst hugbúnaðarfyrtæki. Jafnframt var talið eðlilegt að LL hefði eitthvað um þróun þessa máls að segja, þar sem allt frá stofnun samtakanna hafi verið um að ræða ákveðinn samrekstur lífeyrisdeildarinnar og LL. Skrifstofa Greiðslustofu lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík. Framkvæmdastjóri er Matthildur Hermannsdóttir.

AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðildarsjóðir	Hrein eign 31.12.2001 þús. króna	Hlutfall af heild í %
Lsj. starfsmanna ríkisins	100.780.542	15,87%
Lsj. verzlunarmanna	97.511.694	15,35%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	52.137.157	8,21%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn*	45.812.596	7,21%
Lífeyrissjóður sjómanna	44.867.508	7,07%
Lífeyrissjóður Norðurlands	27.726.911	4,37%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	22.261.551	3,51%
Lsj. bankamanna	19.286.619	3,04%
Lífeyrissjóðurinn Lifiðn	18.151.494	2,86%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	17.088.087	2,69%
Lífeyrissjóður Austurlands	14.038.669	2,21%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	13.152.576	2,07%
Lífeyrissjóður lækna	12.831.499	2,02%
Lsj. verkfræðinga	11.981.662	1,89%
Lífeyrissjóður bænda	11.960.276	1,88%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	11.695.370	1,84%
Almennur lífeyrissjóður VÍB***	11.212.719	1,77%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	10.926.916	1,72%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn**	10.732.108	1,69%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	9.530.090	1,50%
Lífeyrissjóður Vesturlands	7.902.536	1,24%
Eftirlaunasjóður F.I.A.	7.831.465	1,23%
Lsj. Eining**	7.700.654	1,21%
E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	6.355.545	1,00%
Lsj. Suðurlands	5.499.807	0,87%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	4.898.003	0,77%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	3.192.141	0,50%
Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	3.090.887	0,49%
Lífeyrissjóðurinn Hlíf*	2.836.591	0,45%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Ísl.	2.562.079	0,40%
Lífeyrissjóður Rangæinga	2.207.445	0,35%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	2.104.651	0,33%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	2.090.302	0,33%
Séreignalífeyrissjóðurinn	1.732.328	0,27%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.487.252	0,23%
Eftirlaunasj. slökkvil.m. á Keflav.flugv.	1.412.448	0,22%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfj.	1.288.926	0,20%
Lsj. Mjólkursamsölnnar	1.258.802	0,20%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	1.192.207	0,19%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	1.131.916	0,18%
Lsj. Akraneskaupstaðar	844.076	0,13%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	618.859	0,10%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	595.435	0,09%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	502.421	0,08%
Lsj. stm. Áburðarverksm. ríkisins	460.435	0,07%
Lsj. starfsmanna Húsavíkurbæjar	323.835	0,05%
Lsj. Neskaupstaðar	180.927	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	61.715	0,01%
Samtals í LL	635.049.732	100,00%

* Lífeyrissjóðurinn Hlíf hefur sameinast Sameinaða lífeyrissjóðnum.

** Lífeyrissjóðurinn Eining hefur sameinast Frjálsa lífeyrissjóðnum.

*** ALVÍB og Lífeyrissjóður tæknifræðinga og arkitekta hafa sameinast í Almenna lífeyrissjóðnum.



LISTI YFIR LÍFEYRISSJÓÐI SEM ERU AÐILAR AÐ SAMKOMULAGI UM SAMSKIPTI LÍFEYRISSJÓÐA

1. Almenni lífeyrissjóðurinn
2. Eftirlaunasjóður Olíuverzlunar Íslands
3. Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands
4. Eftirlaunasjóður slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli
5. Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar A-deild
6. Frjálsi lífeyrissjóðurinn
7. Íslenski lífeyrissjóðurinn
8. Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
9. Lífeyrissjóður Austurlands
10. Lífeyrissjóður bankamanna (stigadeild)
11. Lífeyrissjóður Bolungarvíkur
12. Lífeyrissjóður bænda
13. Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands h.f.
14. Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands
15. Lífeyrissjóður lækna
16. Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunnar
17. Lífeyrissjóður Norðurlands
18. Lífeyrissjóður Rangæinga
19. Lífeyrissjóður sjómanna
20. Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, B-deild
21. Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar
22. Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar
23. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, B-deild
24. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, A-deild
25. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
26. Lífeyrissjóður Suðurlands
27. Lífeyrissjóður Suðurnesja
28. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
29. Lífeyrissjóður Vestfirðinga
30. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
31. Lífeyrissjóður Vesturlands
32. Lífeyrissjóður verzlunarmanna
33. Lífeyrissjóðurinn Framsýn
34. Lífeyrissjóðurinn Lífiðn
35. Sameinaði lífeyrissjóðurinn (ekki valdeild)
36. Samvinnulífeyrissjóðurinn
37. Séreignalífeyrissjóðurinn
38. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
ÁRSREIKNINGUR 2002**



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2002 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan, en þó er ekki tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á reikningsskilin. Vísað er til skýringar nr. 5 varðandi breytingar á reikningsskilaaðferðum og áhrif þeirra á rekstur og fjárhagsstöðu. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 25,1 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 2,1 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 29,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 27,8 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. mars 2003.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þórir Hermannsson

Arnar Sigurmundsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Friðbert Traustason

Árni Guðmundsson

Víglundur Þorsteinsson

Margeir Daníelsson

Gunnar Baldvinsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Ílfeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Ílfeyrissjóða fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 – 10. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Ílfeyrissjóða á árinu 2002, efnahag þeirra 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 20. mars 2003.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2002

	Skýr.	2002	2001
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	2	25.145.674	21.565.562
		<u>25.145.674</u>	<u>21.565.562</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	6	13.050.446	11.692.686
Annar rekstrarkostnaður	7	11.092.763	9.229.449
Afskriftir	8	969.101	1.055.486
		<u>25.112.310</u>	<u>21.977.621</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		33.364	(412.059)
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		2.077.966	2.320.971
Arður		78.846	50.686
Vaxtagjöld		(84.689)	(89.131)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		0	(1.842.685)
		<u>2.072.123</u>	<u>439.841</u>
Hagnaður	10	<u>2.105.487</u>	<u>27.782</u>

31. DESEMBER 2002

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	2002	2001
EIGIÐ FÉ	10	<u>29.913.197</u>	<u>27.807.710</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>4.545.680</u>	<u>3.513.349</u>
	Skuldir samtals	<u>4.545.680</u>	<u>3.513.349</u>
	Eigið fé og skuldir samtals	<u><u>34.458.877</u></u>	<u><u>31.321.059</u></u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2002

	Skýr.	2002	2001
REKSTRARHREYFINGAR:			
Hagnaður ársins	10	2.105.487	27.782
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	969.101	1.055.486
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		0	1.842.685
		<u>3.074.588</u>	<u>2.925.953</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(562.542)	510.131
Skammtímaskuldir, hækkun		<u>1.032.331</u>	<u>1.123.717</u>
		<u>469.789</u>	<u>1.633.848</u>
		Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	
		<u>3.544.377</u>	<u>4.559.801</u>
		Handbært fé frá rekstri	
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(205.932)	(763.062)
Fjárfesting í eignarhlut í öðru félagi		(100.000)	0
		<u>(305.932)</u>	<u>(763.062)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		3.238.445	3.796.739
Handbært fé í ársbyrjun		<u>27.154.973</u>	<u>23.358.234</u>
Handbært fé í árslok		<u>30.393.418</u>	<u>27.154.973</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem kemur fram í skýringu 5. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldatekjur þeirra á árinu 2001. Árgjöldin eru 0,070% af lágmarksíðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0033% af hreinni eign þeirra í árslok 2002.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í félögum

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila

5. Í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001 hefur félagið hætt að verðleiðrétta reikningsskilin. Ekki eru lengur færð áhrif verðlagsbreytinga í rekstrarreikning. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á neysluverðsvísitölu eru nú færðar á kostnaðarverði í bókhaldi félagsins. Áhrif þessa á rekstrarreikning eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok ársins eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári hefði hagnaður ársins orðið 0,6 millj. kr. lægri og eigið fé félagsins hefði orðið 0,1 millj. kr. hærra.

LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

6. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2002	2001
Laun	10.726.168	9.679.134
Launatengd gjöld	2.324.278	2.013.552
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>13.050.446</u>	<u>11.692.686</u>

Laun framkvæmdastjóra félagsins og stjórnar námu samtals 10,7 millj. kr. á árinu 2002.



Skýringar, frh.:

7. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2002	2001
Húsaleiga	1.236.239	1.168.264
Annar húsnæðiskostnaður	148.973	292.086
Pappír, prentun, ritföng	977.704	857.891
Símakostnaður	277.697	274.752
Burðargjöld	93.236	86.218
Bækur, blöð og tímarit	288.378	106.495
Aðkeypt þjónusta	4.896.908	3.010.822
Rekstur bifreiðar	433.115	477.489
Ferðakostnaður	252.600	160.290
Fundir, ráðstefnur, námskeið	956.303	632.400
Fræðslumál	95.150	1.153.748
Auglýsingar	343.391	92.455
Félagsgjöld	719.835	618.765
Annar kostnaður	373.234	297.774
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>11.092.763</u>	<u>9.229.449</u>

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

8. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2002	2.984.479	1.698.090	4.682.569
Afskrifað áður	(945.085)	(378.135)	(1.323.220)
Bókfært verð 1.1.2002	2.039.394	1.319.955	3.359.349
Viðbót á árinu	0	205.932	205.932
Afskrifað á árinu	(596.896)	(372.205)	(969.101)
Bókfært verð 31.12.2002	<u>1.442.498</u>	<u>1.153.682</u>	<u>2.596.180</u>
Heildarverð 31.12.2002	2.984.479	1.904.022	4.888.501
Afskrifað samtals 31.12.2002	(1.541.981)	(750.340)	(2.292.321)
Bókfært verð 31.12.2002	<u>1.442.498</u>	<u>1.153.682</u>	<u>2.596.180</u>
Afskriftahlutföll	20%	20-33%	

Skýringar, frh.:**ÁHÆTTUFJÁRMUNIR**

9. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag Lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	11,3%	672.208
Greiðslustofa Lífeyrissjóða sf.	10,0%	<u>100.000</u>
		<u>772.208</u>

EIGIÐ FÉ

10. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2002	24.416.897	3.390.813	27.807.710
Hagnaður ársins	<u> </u>	<u>2.105.487</u>	<u>2.105.487</u>
Eigið fé 31.12.2002	<u>24.416.897</u>	<u>5.496.300</u>	<u>29.913.197</u>

